



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík 26. október 2010

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluferfiðleikum, 25. mál.**

Viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins um tillögu til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluferfiðleikum, sbr. þingskjal nr. 25.

Samtök atvinnulífsins eru sammála flutningsmönnum um að fjölmörg fyrirtæki eiga í miklum greiðsluferfiðleikum og eiga á hættu að verða gjaldþrota eða hætta rekstri á næstu misserum. Það er því mikilvægt að leitað sé skipulagðra og fljótvirkra en jafnframt árangursríkra leiða til að koma þeim fyrirtækjum í rekstrarhæft ástand sem hafa til þess burði.

Þess er vænst að á næstu dögum verði gengið frá samkomulagi milli hagsmunasamtaka atvinnulífsins, fjármálastofnana og opinberra stjórnvalda um úrvinnslu skuldamála fyrirtækja og átak til að vinna á skuldavanda lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að samkomulagið, sem nái til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, byggji á Sameiginlegum reglum fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Samkvæmt drögum að samkomulaginu er stefnt að því að ljúka tillögugerð um fjárhagslega endurskipulagningu þeirra fyrirtækja sem falla undir samkomulagið fyrir 1. maí næstkomandi.

Það er mat Samtaka atvinnulífsins að stofnun ráðgjafarstofu fyrirtækja, eins og umrædd tillaga til þingsályktunar gerir ráð fyrir, muni hvorki bæta eða flýta fyrir því verkefni sem framundan er við úrvinnslu skuldamála fyrirtækja. Á almennum markaði eru starfandi ráðgjafarfyrirtæki á þessu sviði sem skuldsett fyrirtæki ýmist hafa leitað til eða geta leitað til með sín mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni þá eru starfandi tvær ríkisstofnanir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Bygðastofnun auk atvinnuþróunarfélaga, sem er ætlað að styðja við lítil og meðalstór fyrirtæki og aðstoða fyrirtæki í rekstrarvanda við fjárhagslega endurskipulagningu. Telji löggjafinn brýna þörf á frekari ráðgjafaraðstoð hins opinbera við fyrirtæki sem eiga í greiðsluörðugleikum þá væri eðlilegra að beina áherslum framangreindra stofnana í meiri mæli að því verkefni.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins